

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**785. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 25. mars 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### **Dagskrá:**

1. Bréf Húsnefndar Félagsheimilisins Ásbyrgis.
2. Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.
3. Erindi Auðbjargar K. Magnúsdóttur og Ágústs F. Sigurðssonar.
4. Tilkynning um aðalfund Veiðifélags Miðfirðinga.
5. Bréf Norðurlandsskóga.
6. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
7. Tillaga að stefnu og áherslum um skipulag áætlanagerðar og eftirlits með fjárreiðum sveitarfélagsins.
8. Drög að siðareglum fyrir sveitarstjórn Húnaþing vestra.

### **Afgreiðslur:**

1. Fram lagt bréf Húsnefndar Félagsheimilisins Ásbyrgis þar sem þess er óskað að gripið verði til ráðstafana til að lagfæra annan af heitu pottunum sem eru við félagsheimilið og koma honum í full not hið fyrsta. Erindinu vísað til skoðunar tæknideildar. Sveitarstjóra falið að kalla eftir síðasta ársreikningi Félagsheimilisins Ásbyrgis.
2. Fram lagt bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga þar sem fram kemur að nefndin óski ekki frekari upplýsinga frá Húnaþingi vestra vegna skyldu þess að útbúa áætlun í samræmi við ákvæði 16. gr. reglugerðar nr. 502/2012.
3. Fram lagt erindi Auðbjargar K. Magnúsdóttur og Ágústs F. Sigurðssonar, eigendum Grænahvamms og Merkur I, þar sem þau óska eftir fjárstyrk frá Húnaþingi vestra á grundvelli reglna um greiðslu styrkja til eigenda íbúðarhúsa v/ endurbóta í kjölfar lagningar hitaveitu. Byggðarráð hafnar erindinu, þar sem innheimta tengigjalda ofangreindra eigna átti sér stað á árinu 2010, en umræddar reglur tóku gildi í febrúar 2012. Elín Jóna Rósinberg vék af fundi við umræðu og afgreiðslu þessa liðar.
4. Fram lögð tilkynning um Aðalfund Veiðifélags Miðfirðinga. Fundurinn verður haldinn í Laxahvammum fimmtudaginn 4. apríl nk. kl. 20:30. Samþykkt að oddviti verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og Stefán Böðvarsson til vara.
5. Fram lagt bréf Norðurlandsskóga þar sem gerð er grein fyrir samningi Norðurlandsskóga og Arnars Þór Sævarssonar um skógrækt á Skeggjastöðum í Miðfirði. Í bréfinu er sérstök athygli vakin á því að skv. ákvæðum reglugerðar nr. 772/2012 skulu sveitarstjórnir ákvarða hvort skógrækt þurfi framkvæmdaleyfi. Þá er tekið fram að skógrækt muni ekki hefjast á Skeggjastöðum fyrr en afstaða sveitarfélagsins hvað þetta varðar liggur fyrir. Byggðarráð samþykkir að vísa bréfinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
6. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lagt fram til kynningar, en þar er gerð grein fyrir greiðslum Húnaþings vestra til sjóðsins vegna tímabundinna verkaskipta ríkis og sveitarfélaga sbr. ákvæði samkomulags frá 13. maí 2011. Greiðslur Húnaþings vestra vegna þessa nemur kr. 791.354- á árinu 2013.
7. Skúli Þórðarson, sveitarstjóri og Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri lögðu fram tillögur sínar að stefnu og áherslum um skipulag áætlanagerðar og eftirlits með fjárreiðum sveitarfélagsins, en á fundi sveitarstjórnar þann 17. janúar sl. var þeim falið

að leggja fram stefnumótun þar um. Byggðarráð samþykkir að vísa framlögðum tillögum með áorðnum breytingum til afgreiðslu sveitarstjórnar en samþykkir jafnframt að beina því til sveitarstjórnar að gera viðeigandi breytingar á erindisbréfum fastanefnda sveitarfélagsins í samræmi við ábendingar sem fram komu í umræðum um tillögur sveitarstjóra og skrifstofustjóra.

8. Fram lögð drög að siðareglum fyrir sveitarstjórn Húnaþings vestra. Byggðarráð samþykkir drögin fyrir sitt leyti en vísar þeim til staðfestingar sveitarstjórnar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

9. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til fundarins ásamt sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs. Gerðu þeir grein fyrir tilboðum sem borist hafa í malbiksframkvæmdir á árinu 2013.

Tilboð bárust frá eftirtöldum:

Króksverki	kr. 6.732.000
Malbik og völtun	kr. 7.012.500
Hlaðbær-Colas	kr. 7.610.900
Höfði malbikunarstöð	kr. 7.199.500

Samþykkt var að taka tilboði lægstbjóðanda, Króksverks ehf. kr. 6.732.000-

10. Sveitarstjóri og sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs kynntu ákvörðun sína um ráðningu Ólafs H. Stefánssonar í starf rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings vestra frá og með 1. apríl nk. Umsækjendur um starfið voru sjö og eru þeir eftirtaldir:

Björn Guðmundsson.

Davíð Halldórsson.

Einar Friðrik Brynjarsson.

Guðni Walderhaug.

Karl Ómar Jónsson.

Ólafur H. Stefánsson.

Steinn Kárason.

Tveir umsækjenda voru boðaðir til viðtals.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:45

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín R. Líndal.

---

Stefán Böðvarsson.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

---

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson.